

Fundargerð

Árið 2025, föstudaginn 21. nóvember kl. 10:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til rafræns fundar á Teams.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Dan Jens Brynjarsson, Hrund Pétursdóttir, Hörður Hilmarsson, og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Elmari Björnssyni og Sigrúnu Dögg Kvaran, sem ritaði fundargerð.

Forföll boðuð: Friðjón Einarsson og varamaður hans Margrét Þórarinsdóttir.

Gestur fundarins undir 2. lið: Guðjón Bragason lögfræðingur.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð

24. október

Lögð var fram til samþykktar fundargerð frá 24. október 2025.

Fundargerð frá 24. október 2025 var samþykkt án athugasemda.

2. Ný reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga o.fl.

Ráðuneytið hefur undanfarið unnið að endurskoðun gildandi reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 1088/2018 í kjölfar þess að sett voru sérstök lög um sjóðinn á vörðingi. Fram kom að Guðjón Bragason lögfræðingur hafi verið falið að vinna að nýrri reglugerð um sjóðinn. Guðjón Bragason kynnti drög að nýrri reglugerð um sjóðinn og helstu breytingar. Lagði hann m.a. til að tvær reglugerðir yrði settar, önnur um Jöfnunarsjóð og hin um ný jöfnunarframlög sjóðsins.

Að loknum umræðum var Guðjóni falið að klára vinnu við reglugerðirnar og leggja fyrir fund ráðgjafarnefndar 27. nóvember.

3. Framlög v. Nemenda með íslensku sem annað tungumál (ÍSAT)

Endanleg framlög 2025

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 19. nóvember 2025, um framlög vegna íslenskukennslu á grundvelli 5. gr. reglugerðar, nr. 351/2002 um jöfnunarframlög sjóðsins til reksturs grunnskóla.

Framlögin byggja á fjölda nemenda í grunnskólum sem þurfa móðurmálskennslu vegna annars móðurmáls en Íslensku. Söfnun gagna um fjölda fer fram í samráði við verkefnastjóra í kennsluráðgjöf vegna innflytjenda á grunnskólaaldri hjá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. Einingaverð samkvæmt áætluninni nemur 218.804 kr. og hækkar um 6% frá árinu 2024 þegar það var 206.419 kr.

Umsóknir bárust vegna 4.897 nemenda samanborið við 4.344 í 1. áætlun ársins og 4.264 nemenda árið 2024. Fjárhæð framlaganna árið 2025 er áætluð 1.071 milljónir króna og hækkar úr 940 milljónum króna frá 1. áætlun.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu til ráðherra um endanleg framlög ársins 2025 að fjárhæð 1.071 m.kr.

4. Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)

Tillaga að úthlutun framlaga ársins 2025

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 12. nóvember 2025, um framlög vegna samninga sveitarfélaga við fatlað fólk um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) á grundvelli reglugerðar sjóðsins um framlög vegna þjónustu við fatlað fólk nr. 192/2023, ásamt tillögu að úthlutun framlaganna.

Útreikningur framlaganna tekur mið af því að greiðsla fyrir hvern NPA samning í umsókn sveitarfélags/þjónustusvæði nemi 25% af upphæð viðkomandi samnings. Fyrir liggja umsóknir sveitarfélaganna vegna NPA samninga fyrir árið 2025, bæði vegna endurnýjunar núgildandi samninga sem og vegna nýrra samninga. Hluttur Jöfnunarsjóðs er fjármagnaður annars vegar með framlagi úr ríkissjóði og hins vegar með hluta af innheimtum skatttekjum sveitarfélaga í útsvarsstofni.

Sótt er um framlög vegna 127 samninga fyrir árið 2025 og nemur hlutur Jöfnunarsjóðs 1.607,4 m.kr.

Til samanburðar var veitt framlag árið 2024 vegna 123 samninga að fjárhæð 1.407,5 m.kr.

Samningum fjölga um fjóra milli ára.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykka tillöguna um úthlutun framlaga vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar fyrir árið 2025 að fjárhæð 1.607,4 m.kr.

Staða og þróun verkefnisins

Þá var lagt fram til kynningar og umfjöllunar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs um stöðu og þróun NPA verkefnisins. Þar kemur fram að NPA þjónustan hafi vaxið hratt á undanförunum árum bæði hvað fjölda samninga og stærð þeirra. Árið 2013 voru gerðir 54 samningar og nam heildarfjárhæðin þeirra 455 m.kr. Árið 2025 er fjöldi samninga 127 og nemur heildarfjárhæðin 6.429,4 m.kr. Meðalstærð samninga árið 2013 var um 8,4 m.kr. Árið 2025 er nam meðalsamningur 50,6 m.kr. Þetta endurspeglar stærri og flóknari þjónustu, auk þess hefur hlutfall samninga með aðstoðarverkstjórn hækkað úr 35% árið 2023 í 43% árið 2025.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að fjalla nánar um þróun og stöðu NPA verkefnisins á fundi nefndarinnar í desember.

5. Samkomulag vegna tillagna framtíðarhóps

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 20. nóvember 2025.

Á fundi nefndarinnar 24. okt. sl. var samþykkt kostnaðarþátttaka sjóðsins í verkefnum framtíðarhópsins að fjárhæð 228 m.kr. en þátttaka sjóðsins byggir á samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um breytingar á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk sem undirritað var í desember 2023.

Félags- og húsnæðismálaráðuneytið hefur sett upp drög að samkomulagi milli aðila. Í samkomulaginu eru tilgreinda verkefni sem fela í sér vinnu að þróun og nýsköpun í þjónustu við

fatlað fólk og að Jöfnunarsjóður greiði framlagið, að fjárhæð 228 m.kr., til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins fyrir lok nóvember 2025.

Að umfjöllun lokinni samþykkti nefndin að leggja til að greitt verði eftir framvindu verkefna en ekki fyrirfram í lok nóvember eins og drög að samkomulagi gera ráð fyrir. Starfsmanni var falið að vinna málið áfram í samvinnu við félags- og húsnæðismálaráðuneytið.

6. Umsókn um framlög vegna rekstrarúttekta

Garðabær

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Garðabæjar, dags. 28. október 2025, þar sem óskað er eftir framlagi vegna úttektar á rekstri málaflokks fatlaðs fólks. Sótt er um framlagið á grundvelli 4. gr. reglugerðar um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk nr.192/2023.

Alls er sótt um framlag að fjárhæð 12.838.000 kr. til ráðningar óháðs aðila til að rýna rekstur þjónustunnar og hefur verið leitað til HLH ehf. til að framkvæma rekstrarúttektina. Áætluð verklok eru í janúar 2026.

Að umfjöllun lokinni samþykkti nefndin að veita framlag til framkvæmdar rekstrarúttektar í málafllokki fatlaðs fólks að fjárhæð 12.838.000 kr.

Reykjavíkurborg

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Reykjavíkurborgar, dags. 3. nóvember 2025, þar sem óskað er eftir framlagi vegna innra eftirlits í þjónustu við fatlað fólk. Sótt er um framlagið á grundvelli 1. töluliðar 4. gr. reglugerðar um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk nr.192/2023.

Alls er sótt um framlag að fjárhæð 15 m.kr. til ráðningar sérfræðings í eitt stöðugildi. Sérfræðingurinn eigi m.a. að sinna heimsóknum á starfseiningar til að fylgja gæðaviðmiðum og sinna öflugu innra eftirliti með starfsemi sviðsins í þjónustu við fatlað fólk.

Að umfjöllun lokinni samþykkti nefndin að veita framlag vegna innra eftirlits í málafllokki fatlaðs fólks að fjárhæð 15 m.kr.

7. Fasteignasjóður – úrbætur í aðgengismálum

Árborg

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn sveitarfélagsins Árborgar, dags. 10. nóvember 2025, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum. Sótt er um vegna úrbóta við útisvæði á leikskólanum Goðheimum. Rólusvæðin voru hönnuð með gúmmímottum sem endast ekki vel, slitna hratt og verpast. Fasteignafélagið hefur því horfið frá þessari hönnun og ákveðið að endurbæta með því að setja endingabetra og aðgengilegra undirlag. Áætlaður heildarkostnaður framkvæmdanna er 5.532.520 kr.

Sótt er um framlagið á grundvelli a. liðar 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. gr. reglugerðar nr. 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Suðurlands á tímabilinu 2025-2026 geti numið 46.765.381 kr. Eyrnamerktu framlagi hefur verið skipt milli sveitarfélaga þjónustusvæðisins á grundvelli fjölda íbúa í hverju sveitarfélagi. Hlutur Sveitarfélagsins Árborgar er því 19.656.886 kr.

Framlög vegna úrbóta á aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna 280/2021. Þar er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 2.766.260 kr.

Að lokinni umfjöllun samþykkti nefndin að hafna umsókninni á grundvelli þess að framkvæmdin er of almenn og skortir nægilega skýra tengingu við framkvæmdir sem beinast að úrbótum í aðgengi fatlaðs fólks.

Grímsnes- og Grafningshreppur

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Grímsnes- og Grafningshrepps, dags. 27. október 2025, þar sem óskað er eftir framlagi vegna úrbóta í aðgengismálum.

Sótt er um vegna tveggja framkvæmda til úrbóta í aðgengismálum:

1. Uppsetning á lyftu í húsnæði sem hýsir bæði stjórnsýslu og líkamsrækt sveitarfélagsins.
2. Skólalóð Kerhólsskóla, lóðin var ekki aðgengileg hvað varðar leiksvæðið og fenginn var landslagsarkitekt m.a. til að hanna ramp sem er hellulagður og með snjóbræðslu.

Áætlaður heildarkostnaður vegna framkvæmdanna er 41.590.776 kr.

Sótt er um framlagið á grundvelli a. liðar 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. gr. reglugerðar nr. 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Suðurlands á tímabilinu 2025-2026 geti numið 46.765.381 kr. Eyrnamerktu framlagi hefur verið skipt milli sveitarfélaga þjónustusvæðisins á grundvelli fjölda íbúa í hverju sveitarfélagi. Hlutur Grímsnes- og Grafningshrepps er því 976.868 kr.

Framlög vegna úrbóta á aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna 280/2021. Þar er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Framlag Fasteignasjóðs myndi nema hámarksframlagi að fjárhæð 976.868 kr.

Að lokinni umfjöllun samþykkti nefndin að veita hámarksframlag að fjárhæð 976.868 kr. vegna framkvæmdanna.

8. Breyting á reglugerð um Fasteignasjóð

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 17. nóvember 2025, um endurskoðun reglugerðar nr. 280/2021 um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Reglugerðin hefur nú verið í gildi í nokkur ár án þess að taka nægilegt mið af þeim breytingum sem orðið hafa á rekstri sveitarfélaga, húsnæðiskosti og öðrum þáttum sem tengjast starfsemi sjóðsins. Ýmis atriði hafa breyst bæði í lögum og verklagi, og tækifæri til að fara yfir reglugerðina svo hægt sé að tryggja að hún endurspegli raunverulegar þarfir sveitarfélaganna.

Að umfjöllun lokinni samþykkti nefndin að gerðar verði breytingar á reglugerð nr. 280/2021. Starfsmanni var falið að vinna málið áfram og leggja fram á fundi ráðgjafarnefndar í desember.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 12:51.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Hrund Pétursdóttir

Dan Jens Brynjarsson

Hörður Hilmarsson

Friðjón Einarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir